

30. maí 2015

## Ályktun stjórnar Félags prófessora við ríkisháskóla

Félag prófessora við ríkisháskóla harmar óbilgjarna afstöðu fjármálaráðuneytisins og samninganefndar ríkisins til kjaraviðræðna við háskólamenn hjá ríkinu.

Ljóst var frá upphafi samningavinnunnar að áherslur í kjarasamningum á almennum markaði og kjarasamningum hjá ríkinu yrðu með ólíkum hætti, þar sem hækkun lágmarkslauna var megin áherslan í samningaviðræðum á almenna markaðnum, meðan réttmæt umbun fyrir menntun og faglega ábyrgð var megin áherslan í samningaviðræðum háskólamanna við ríkið. Kjarasamningar á almenna markaðnum gátu því ekki orðið fyrirmynd að samningum við háskólamenn hjá ríkinu.

Fjármálaráðuneytið og samninganefnd ríkisins hafa tafið frágang samninga við háskólamenn hjá ríkinu undanfarnar vikur með því að binda samningaviðræðurnar við framgang og áherslur í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði. Með því hefur tapast dýrmætur tími til að ná samningum. Það virðist einbeittur vilji fjármálaráðuneytisins og samninganefndar ríkisins að virða að vettugi ákvæða laga um sjálfstæðan samningsrétt kjarafélaga opinberra starfsmanna.

Rétt er að benda á að umbun fyrir menntun á Íslandi er nú þegar lægri en meðal annarra Evrópuþjóða samkvæmt nýlegri skýrslu hagstofu Evrópusambandsins. Þetta gildir fyrst og fremst um störf sérmenntaðra starfsmanna hjá ríkinu. Staðan hérlendis er orðin sú, að meðal einstakra hópa háskólamanna hjá ríkinu er enginn fjárhagslegur ávinningur af háskólamenntun.

Að óbreyttu stefnir í mikið ófremdarástand í starfsmannamálum hins opinbera og opinberri þjónustu við landsmenn sem mjög erfitt getur reynst að vinda ofan af.

Félag prófessora við ríkisháskóla skorar á fjármálaráðuneytið og samninganefnd ríkisins að mæta tafarlaust til viðræðna við Bandalag háskólamanna og hjúkrunarfræðinga um kjarasamninga sem feli í sér réttmæta umbun fyrir menntun og faglega ábyrgð félagsmanna.